

Zawadka gegn Póllandi

Dómur frá 23. júní 2005

Mál nr. 48542/99

8. gr. Friðhelgi einkalífs

Umgengnisréttur. Athafnaskylda stjórnvalda.

1. Málsatvik

Kærandi, Henryk Zawadka, er pólskur ríkisborgari, fæddur 1960. Hann var í sambúð með O árið 1994 og fæddist þeim sonurinn P. Í ágúst 1996 flutti O burt frá kæranda með P. Þann 8. nóvember 1996 gerðu kærandi og O samning um umgengni. Sættust þau á að P skyldi búa hjá móður sinni. Kærandi hafði rétt til að taka P heim með sér á tilteknum dögum og tímum árið 1996. Frá 1. janúar 1997 skyldi hann hafa umgengni við son sinn aðra hverja helgi á heimili sínu. Kærandi óskaði síðar eftir aðstoð yfirvalda til að framfylgja umgengnisrétti og hélt því fram að O hindraði umgengni sína við P. Á meðan hófust málaferli vegna forsjár P. Þann 19. maí 1997 tók kærandi son sinn frá O eftir rifrildi þeirra á milli. Kæranda var gert að skila syni sínum en gerði það ekki og fór í felur. Þann 8. ágúst 1998 tók lögregla P frá kæranda.

Þann 24. febrúar 1998 var réttur kæranda sem foreldris takmarkaður við upplýsingar um heilsufar P og að samskipti við hann færu einungis fram á heimili O. Þann 19. júní 1998 var kærandi sviptur öllum foreldrarétti gagnvart P á þeim grundvelli að hann hefði misnotað réttindi sín með því að gera syni sínum ómögulegt að hafa samband við móður sína. Talið var að það athæfi kæranda að fara huldu höfði með barnið hefði ekki verið því fyrir bestu þar sem kærandi var við vinnu og barnið skilið eftir í umsjá annarra. Lögð var áhersla á það að barnið hefði rétt til viðunandi lífsskilyrða, heimilis og stöðugleika, en kærandi hefði svipt það þessum gæðum.

Þann 27. mars 2001 var kæranda tilkynnt að O og P hefðu farið á brott til London 30. maí 2000.

2. Málsmeðferð hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að hann hefði ekki getað notið umgengni við son sinn eins og um var samið þar sem stjórnvöld veittu honum ekki næga aðstoð. Hann hélt því einnig fram að brotið hefði verið gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldulífs hans og sonar síns. Taldi hann því að brotið hefði verið gegn réttindum sínum skv. 8. gr.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn taldi að stjórnvöld hefðu hvorki beitt sér í því að hvetja aðila málsins til samvinnu um framkvæmd umgengni né tryggt viðeigandi stuðning sem hefði getað aðstoðað foreldrana og ólögráða barn þeirra við framkvæmd umgengnisréttar. Lögð var áhersla á að vegna þessa aðgerðaleyfis hefði kærandi varanlega misst samband við barn sitt. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að stjórnvöld hefðu ekki uppfyllt jákvæðar skyldur sínar til að veita kæranda aðstoð sem gerði honum kleift að framfylgja réttindum sínum sem foreldri.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 8. gr. og dæmdi kæranda 100 evrur fyrir málskostnaði á grundvelli 41. gr.

Þrír dómáramur skiluðu séráliti.